

Ed.

774. Lög

um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að ábyrgjast rekstrarlán fyrir Landsbanka Íslands.

(Afgreidd frá Ed. 19. maí).

1. gr.

Ríkisstjórninni, fyrir hönd ríkissjóðs, er heimilt að ábyrgjast viðbótarrekstrarlán fyrir Landsbanka Íslands hjá erlendum banka eða bönkum, allt að 100000 sterlingspund, eða tilsvarendi fjárhæð í annari erlendri mynt. — Lánið sé ekki tekið til lengri tíma en eins árs.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.